

Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Ellisif Malmo Bjarnadóttir
Árnesi
801 Selfoss

Reykjavík, 18. apríl 2024
UST202403-431/A.B.
10.04.02

Efni: Tillaga- Breyting á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029 - Árnes, þéttbýli

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Skeiða- og Gnúpverjahrepps er barst 27. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu á aðalskipulagi Skeiða - og Gnúpverjahrepps 2017-2029 fyrir þéttbýli Árness.

Í greinargerð kemur fram að ýmsar hugmyndir eru um breytt fyrirkomulag í Árnesi vegna þess að það er mikil þörf fyrir íbúðarhúsnæði

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að skilgreint er miðsvæði (M1) og falla stofnanasvæðin S3 og S4, verslun- og þjónustusvæðin VP11 og VP 12 og afþreyingar- og ferðamannasvæði AF5 út. Íþróttasvæði ÍP1 er einnig fellt út og verður hluti af miðsvæði (M1). Auk þess segir að ný íbúðarbyggð, ÍB11 verður skilgreint á Reykjanesi og opið svæði OP2 minnkar sem því nemur. Einnig er gert ráð fyrir að íbúðarbyggð við Bugðugerði, Hamragerði og Heiðargerði er sameinuð í eitt svæði.

Loftslagsmál

Í greinargerð er vitnað í landsskipulagsstefnu þar sem fjallað er um loftslagsvænar samgöngur og mannvirkjagerð.

Auk þess segir að ný íbúðarbyggð nýtist t.d. fyrir starfsfólk í ferðaþjónustu sem þarf þá ekki að aka langa vegalengd til og frá vinnu. Umhverfisstofnun bendir á að ákveðið hlutfall starfsmenn/íbúar þurfa að aka 40-60 km á degi hverjum. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess lögð sé áhersla á hlutdeild almenningssamgangna aukist fyrir starfsfólk til og frá vinnu.

Umhverfisstofnun vill einnig vekja athygli á að fjalla þarf um áhrif á loftgæði og loftslagsmál vegna aukinnar umferð vegna aksturs íbúa til og frá vinnu og fjölgunar ferðamanna.

Göngu- og hjólaleiðir

Í greinargerð segir að í Árnesi er gert ráð fyrir gönguleiðum og verið sé að þétta byggðina sem dregur úr þörf fyrir akstur.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að skilgreindir séu hjóla- og gönguleiðir á þéttbýlisuppdrátt, milli og innan opinna svæða, ekki bara reiðleiðir og vegir.

Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það sé nægt rými fyrir hreinsivirki í ört stækkandi þéttbýli. Auk þess er mikilvægt að það komi fram að hreinsun fráveitu verði í samræmi við reglugerð nr. 798/1999 um fráveitu og skólp.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Sverrir Aðalsteinn Jónsson

teymisstjóri